

# ÍPRÓTTIR

## Morgunblaðið

2004

■ MÁNUDAGUR 1. MARS

BLAÐ

B

### Hjarta Atla sló með KA

„ÞETTA var með hreinum ólíkindum fyrir mig sem fyrrverandi þjálfari KA og Fram, auk þess sem ég er Framari að upplagi. En hjarta mitt sló með KA í þessum leik,“ sagði Atli Hilmarsson, fyrrverandi þjálfari og leikmaður KA og Fram og faðir Arnórs Atlason, leikmanns KA, eftir að sonur hans og samherjar fögnuðu sigri í bikarkeppninni á laugardaginn. Atli fylgdist með leiknum úr áhorfendastúkunninni innan um stuðningsmenn KA og tók innilega þátt í leiknum frá þeim stað.

„Ég var stressaður fyrir þennan leik en þegar á hólminn var komið stóðu KA-menn sig afar vel og úrslitin eru alveg frábær.“

*Sonur þinn átti stórleik, ekki satt?*

„Jú, hann lék stórvel, ég verð að viðurkenna það þótt hann sé sonur minn. Hann var tekinn úr umferð meirihluta leiksins en fór samt á kostum. Þá var öll umgjörð þessa leiks til fyrirmyndar. Það eina sem vantaði að mínu mati var það að landsliðsþjálfarinn væri meðal áhorfenda, mér finnst það mjög slæmt að hann skuli ekki hafa orðið vitni að þessum leik,“ sagði Atli Hilmarsson, stoltur faðir og fyrrverandi þjálfari og leikmaður KA og Fram.



Björn Margeirsson fagnar meti sínu í 800 m hlaupi í Malmö. Ljósmynd/Gordons Förlag

## Enn slær

## Björn met

BJÖRN Margeirsson úr FH bætti Íslandsmetið í 800 metra hlaupi um helgina þegar hann skeiðaði í mark á 1.52,03 og varð fyrstur á opna danska meistaramótinu sem haldið var í Malmö. Bætti hann eigið met sem hann setti á sænska meistaramótinu í Gautaborg um síðustu helgi um 9/100 úr sekúndu.

Stefán Már Ágústsson, UMSS, varð í sjötta sæti í hlaupinu á 1.55,52 og Ólafur Margeirsson úr Breiðabliki endaði í 15. sæti á 1.59,71.

Sigurkarl Gústavsson, UMSS, hljóp 200 metrana á 22,59 sekúndum og setti Íslandsmet í flokki 19–20 ára og 20–22 ára. Magnús Valgeir Gíslason, Breiðabliki, setti met í flokki 17–18 ára þegar hann kom í mark í 200 metra hlaupinu á 23,30 sekúndum. Metið í öllum þessum flokkum átti Rafn Árnason og var það 23,57 sekúndur.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, UMSS, varð tífundi í 3.000 metra hlaupi á 8.43,21 og Kári Steinn Karlsson, UMSS, tju sætum þar fyrir aftan á 9.17,44 og bætti hann sitt eigið drengjemet um tæpar tvær sekúndur.

Sverrir Guðmundsson, ÍR, keppti í stangarstökki og varð í 13. sæti með því að stökkva 4,50 metra.

Sunna Gestsdóttir, UMSS, hljóp 200 metrana á 25,01 og komst í úrslit en keppti ekki þar. Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR, varð önnur í 3.000 metra hlaupi á 10.14,47 og Rakel Ingólfssdóttir, FH, sjötta á 11.02,06.

Þórey Edda Elísóttir keppti um helgina á móti í Frakklandi og hafnaði þar í 3.–4. sæti ásamt Anastasiyu Ivanovu með 4,35 metra. Tatyana Polnova sigraði með því að stökkva 4,71 metra og Svetlana Feofanova varð önnur með 4,46 metra.

## Feikilega stoltur af strákunum

„ÞAÐ virðist ekki margt raska ró hins yfirvegaða þjálfara KA-liðsins, Jóhannesar Bjarnasonar, sem stýrði KA og fagnaði nú sínum fyrsta stóra titli sem þjálfari meistaraflökks félagsins eftir að hafa unnið þá marga sem þjálfari yngri flokka félagsins.“

Mörgum leikmönnum sigurliðsins hefur Jóhannes stýrt upp í gegnum yngri flokkana, unnið með þeim sæta sigra og séð þá þroskast. Á laugardaginn sá hann þá leika eins og fullorðna og reynda leikmenn og hann kippti sér lítið upp við sigurinn. „Viljinn til þess að vinna bikarinn var alveg takmarkalaus,“ sagði Jóhannes í samtali við Morgunblaðið eftir leikinn. „Ég hef haft það á til-

finningunni alla vikuna, bæði á æfingum og á fundum, að erfiðasti þröskuldurinn væri sá að biða eftir leiknum sjálfum. Undirbúningur okkar var afar góður og í raun vorum við reiðubúnir að leika þennan leik á fimmtudaginn,“ sagði Jóhannes og var stoltur af lærisveinum sínum.

„Þetta var glansleikur hjá liðinu, með því betra sem það hefur sýnt í vetur. Það sem við höfðum lagt upp

fyrir leikinn gekk allt eftir. Okkur tókst að loka á styrkleika Fram-liðsins og síðan sprengdum við það á tíu mínútna kafla í síðari hálfleik.“

Ég er feikilega stoltur af strákunum í liðinu og dáist að kjarki þeirra og öryggi sem þeir sýndu í leiknum. Það er að minnsta kosti meira en þjálfarinn hefur,“ sagði Jóhannes og var þar með hrifinn á brott af stuðningsmanni KA-liðsins til að taka þátt í myndatökum og fögnuðu þar sem dansað var um gólf Laugardalsvallar.

■ Allt um leikinn/B6,B7

### Nína með tuttugu mörk í fimm leikjum

NÍNA Ósk Kristinsdóttir, framherji kvennaliðs Vals í knattspyrnu, er svo sannarlega á skotskónum þessa dagana. Á dögunum gerði hún sér lítið fyrir og skoraði sjö mörk þegar Valur burstaði Íslandsmeistara KR, 9:1, á Reykjavíkurmótinu.

Nína, sem er 18 ára gömul, hélt uppteknum hætti um helgina þegar Valur sigraði ÍBV tvívegis á Reykjavíkurmótinu. Á laugardaginn skoraði hún tvö mörk í 4:2 sigri Vals og í gær gerði hún enn betur og skoraði sex mörk. Nína, sem gekk í raðir Vals frá Reyni Sandgerði í fyrra, hefur því skorað 15 mörk í þremur síðustu leikjum Valsliðsins og 20 mörk í fimm leikjum Vals á mótinu.

„Ég hef verið sérlega markheppin og vonandi heldur það bara áfram,“ sagði Nína Ósk við Morgunblaðið.

Með sigrunum á ÍBV nú um helgina tryggði Valur sér Reykjavíkarmeistaratitilinn í knattspyrnu kvenna en þremur leikjum er nú ólokið í keppninni. Breiðablik og ÍBV eiga eftir að mætast tvisvar og Valur og KR í seinni leik liðanna. Með sigri í þeim leik getur KR jafnað Val að stigum en það munar 20 mörkum á markatölu liðanna þar sem Valur hefur 18 mörk í plús en KR tvö mörk í mínus. Eru það nákvæmlega mörk markamaskínunnar Nínu Óskar Kristinsdóttur í keppninni.

## HANDKNATTLEIKUR

## Bikarmeistararitillinn í meistaraflokki sá eini sem vantaði hjá okkur

„FYRIR leikinn sögðum við allir sem einn að okkur langaði alveg örugglega meira í bikarmeistararitilinn en Fram,“ sagði Arnór Atlason, helsta tromp KA-liðsins og markakóngur þess í úrslitaleiknum. „Margir í liðinu hafa unnið allt sem hægt er að vinna frá sjötta flokki og það eina sem vantaði í safnið var bikarmeistararitillinn í meistaraflokki. Sú staðreynd hvatti okkur áfram í leiknum.“

Margir höfðu á orði fyrir leikinn að leikmenn Fram hefðu meiri reynslu. Ég er ekki sammála því, held að flestir í KA-liðinu hafi tekið þátt í fleiri úrslitaleikjum í gegnum tíðina. Sú reynsla skilaði sér að þessu sinni.

Það er mikill sigurvegill í KA-liðinu og það er alveg ljóst að við ætlum ekki að láta staðar numið núna heldur standa einnig uppi sem sigurvegarar á Íslandsmótinu,“ sagði Arnór sem heldur utan til Þýskalands í sumar þar sem hann hefur gert samning við stórlíð Magdeburg. Arnór segist vera staðráðinn í að verða Íslandsmeistari áður en hann heldur til Þýskalands, hann hafi verið í KA-liðinu sem varð Íslandsmeistari fyrir

tveimur árum en verið meiddur og ekki getað tekið þátt í úrslitarimmunni það árið.

„Ef við leikum eitthvað í líkingu við það sem við gerðum í seinni hálfleik nú þá á ekkert lið möguleika gegn okkur, það er alveg pottþétt. Ef við leikum okkar leik þá erum við bestir.“

Arnór sagði að KA-liðið hefði vísað öllum vangaveltum um reynsluleysi, slaka vörn og markvörslu til föðuhrúsanna. „Við getum vel spilað góða vörn, þá var markvarslan framúrskarandi. Þannig fengum við mörg hraðaupphlaup sem eru meðal okkar sterkustu hliða.“

Þið voruð undir það búnir að þú væri tekinn úr umferð?

„Við vorum vel undir það búnir, höfðum æft okkur fyrir að ég yrði tekinn úr umferð. Þannig að það atriði ásamt ýmsu öðru gekk eins vel og við vonuðumst til.“

Það er bara svo yndislega gaman að vinna að ég trúi ekki öðru en alla langi til að enda keppnistíabilið á svipuðum nótum, það er með sigri á Íslandsmótinu,“ sagði Arnór Atlason, leikmaður KA.



# KA-menn voru sterkari á öllum sviðum

HÍÐ unga og sterka lið KA vann verðskuldaðan stórsigur á Fram í úrslitaleik bikarkeppni karla á laugardaginn og sýndi það og sannaði að liðið er fyrir löngu meira en efnilegt. Lokatölur, 31:23, í leik þar sem ljóst var stundarfjórðungi fyrir leikslok að bikarinn færi norður yfir heiðar í fyrsta sinn í átta ár, slíkir voru yfirburðir KA-manna með þá Arnór Atlason og Hafþór Einarsson markvörð fremsta í flokki meðal jafningja. Ef ekki hefði komið til góðs frammistaða Egidijusar Petkeviciusar, í marki Fram, lengst af leiknum þá hefðu leiðir liðanna skilið miklu fyrr – hann hélt lífandi þeirri litlu von sem leikmenn Fram höfðu fram eftir leiknum.

Fimm mínútum fyrir leikslok stóðu stuðningsmenn KA upp og hófu að syngja sigursöngva. Laugardalshöllin lýstist upp þegar gukklaedd og fjölmenn fylking stuðningsmanna KA hóf að gleðjast yfir fengnum hlut, leikmenn KA höfðu leikið eins þeir sem valdið höfðu frá fyrstu mínútu og aðeins leyft Frömurum að komast einu sinni yfir, 2:1.

Greinilegt var frá fyrstu mínútu hvort liðanna væri klárt í slaginn, baráttugleðin skein úr hverju andliti leikmanna KA og út úr því mátti lesa að þeir væru komnir til að sjá og sigra, ekkert yrði gefið eftir, bikarinn skyldi fara norður í höfuðstaðinn. Framliggjandi 3/2/1 vörn KA var nokkuð sem sóknarmenn Fram áttu ekkert svar við. Sóknarleikur Fram var hægur og hreinlega á köflum staður, lítið var um innleysingar úr hornum heldur var mest reynt að hnoðast um á miðjunni þar sem vörn KA var föstust fyrir. Að baki vörninni stóð Hafþór Einarsson markvörður sem hefur sjaldan á ferlinum átt betri leik. Mörg ótímabær og óyfirveguð skot leikmanna Fram strönduðu á Hafþóri. Vörn Fram stóð sína vakt nokkuð vel, einkum í fyrri hálfleik, 6/0 vörn lengst af, en það var ekki vörninn sem var stóra vandamálið hjá Fram heldur sóknin, og veikleikinn nýttu KA-menn sér til hins ýtrasta, skoruðu sjö af tólf mörkum sínum í fyrri hálfleik upp úr hröðum upphlaupum. Eftir 23 mínútna leik var forysta KA orðin fjögur mörk, 11:7. Þá brugðu Framarar á það ráð að taka Arnór Atlason úr umferð, en hann var helsta vopn KA-manna. Þetta bragð virkaði um tíma og þegar við bættist stórgóð frammistaða Petkeviciusar í marki Fram þá tókst aðeins að minnka muninn fyrir hálfleik, en þá munaði tveimur mörkum á liðunum, 12:10, KA í vil.

SÓKNARNÝTING					
Bikarúrslitaleikur karla					
Laugardalshöll, 28. febrúar 2004					
Fram			KA		
Mörk	Sóknir	%	Mörk	Sóknir	%
10	28	36	F.h	12	29
13	29	44	S.h	19	28
23	57	40	Alls	31	57
7	Langskot		6		
2	Gegnubrot		2		
5	Hraðaupphlaup		11		
5	Horn		2		
2	Lína		5		
2	Víti		5		

Tvö mörk KA úr hröðum upphlaupum gáfu tóninn fyrir seinni hálfleikinn. Frömurum tókst að klóra aðeins í bakkann og minnka muninn í eitt mark en eftir sjö mínútna leik í síðari hálfleik var ljóst hvert stefndi. Forysta KA var orðin fjögur mörk og þegar frá leið seig frekar á ógæfuhliðina hjá Fram heldur en hitt, engu breytti þótt Jónatan Magnússon væri einnig klippptur út úr sóknarleik KA í viðbót við Arnór. KA-menn höfðu ráð undir rífi hverju og inn á komu óþreyttir menn eins og Sævar Arnason og Ingólfur Axelsson og sáu um að skora hvert markið á fætur öðru. Munurinn jókst stig af stigi og var mestur nú mörk. Sóknarleikur Fram var í molum, Hafþór markvörður KA, varði hvert skotið á fætur öðru og þegar við bættist að mörg önnur skot leikmanna biluðu og enduðu í markstöngunum var ljóst að bilið yrði ekki brúað. Leikmenn KA léku við hvern sinn fingur og hreinlega léku sér að lánlitlum Frömurum, þar sem fæstir leikmenn liðsins voru klárir í slaginn þegar stóra stundin rann upp.



Arnór Atlason átti mjög góðan leik með KA.



Jónatan Magnússon, fyrirlíð KA.

Eins og fyrr segir þá var það greinilegt frá upphafi að leikmenn KA voru tilbúnir til að forna sér fullkomlega í úrslitaleikinn. Allt tal um að liðið vantaði reynslu var látið sem vind um eyru þjóta. Enda sagði Arnór Atlason í samtali við Morgunblaðið eftir leikinn að leikmenn liðsins hefðu mikla reynslu, væru búnir að leika úrslitaleiki um Íslands- og bikarmeistararitla upp alla yngri flokkana. Allt tal um reynsluleysi væri út í hött enda kom það á daginn. Arnór fór á kostum í leiknum ásamt Hafþóri markverði. Sömu sögu má segja um Andrius Stelmokas, jafnt í vörn sem sókn. Jónatan lék af yfirvegum og eins Einar Logi Friðjónsson, sem þó fór á köflum illa með skot sín. Árni Björn Þórarinnsson stóð vel fyrir sínu í horninu og þeir Sævar og Ingólfur voru sterkir þegar þeir voru kallaðir til leiks. Þá munaði mikið um reynslu og dugnað Þorvaldar Þorvaldssonar í vörninni, en hann er hinn eini í liðinu sem var með KA-liðinu þegar það varð síðast bikarmeistari fyrir átta árum. Hraði og leikgleði skein úr

hverju andliti, hraði sem Framarar réðu aldrei við. KA-liðið er vel að sigrinum komið og ljóst af þessum leik að það er til alls líklega þegar keppnin um Íslandsmeistararitilinn hefst af alvöru í apríl.

Fram-liðið var í hlutverki músarinnar allan leikinn og í raun virtust leikmenn aldrei hafa trú á því að þeir gætu unnið. Hægur sóknarleikur liðsins gegn framliggjandi og grimmri vörn KA var hugmynda-snaður. Þennan veikleika nýttu leikmenn KA sér til fullustu og skoruðu rúmlega þriðjung marka sinna úr hraðaupphlaupum og lögðu grunninn að verðskulduðum sigri.

Fram hafði einfaldlega ekki að þessu sinni nógu sterka sóknarmenn til þess að standast KA snúning, það er ekki nóg að mæta í úrslitaleik í bikarkeppninni með sterka vörn og góða markvörslu þegar leikið er gegn jafn spræku liði og KA. Til þess að vinna norðanmenn í þeim ham sem þeir voru í á laugardaginn þarf að hafa jafnstærki blöndu leikmanna en Fram gat boðið upp á að þessu sinni.

## Ætlum okkur

„ÞAD skein í gegn frá fyrstu mínútu að við vorum hungraðri í sigur en Framarar,“ sagði Jónatan Magnússon, fyrirlíð KA, eftir að hann hafði tekið við bikarinn úr höndum Steinþórs Skúlasonar, forstjóra SS, sem er styrktaraðili bikarkeppni HSÍ.

„Við léku heimsklassa vörn og markvarslan var frábær hjá Hafþóri. Við þessu áttu leikmenn Fram ekkert svar. Síðan var sóknin góð hjá okkur að því undanskildu að við áttum í smávandráðum fyrst eftir að Arnór [Atlason] var tekinn úr umferð undir lok fyrri hálfleik. En við jöfnuðum okkur á því í síðari hálfleik og þá stóð ekki steinn yfir steini hjá Frömurum.“

Jónatan segir að sökum þess að Fram-liðið leiki frekar hægán sóknarleik þá henti það þeim illa að þeim sé mætt með framliggjandi ákveðinni vörn. „Þetta virkaði fínt hjá okkur og síðan hjálpaði

## HANDKNATTLEIKUR



Morgunblaðið/Porkell  
Bikarmeistarar KA fagna eftir sigurinn á Fram.



KA, sækir að marki Fram.

## kur meira

Það okkur enn frekar að Hafþór varði eins og berserkur í markinu.

Þá má heldur ekki gleyma því að Ingólfur [Axelsson] og Sævar [Árnason] komu ferskir til leiks þegar á leið síðari hálfleik og skoruðu mikilvæg mörk.

Við þekkjum það vel að fara í gegnum úrslitaleiki, vitum hvernig það er að vinna þá og eins hvernig það er að tapa þeim. Viljinn var fyrir hendi hjá okkur að þessu sinni og þegar við bættist frábær stuðningur reyndist þetta vera auðveldur sigur.

Þá má heldur ekki gleyma því að reynslan úr þessum leik getur nýst okkur vel í vor því við ætlum okkur að komast alla leið í úrslitum um Íslandsbikarinn. Eftir þennan sigur er ekkert annað uppi á borðinu en halda áfram að leika eins við vorum að gera að þessu sinni og ljúka þannig Íslandsmótinu,“ sagði ákveðinn fyrirliði KA, Jónatan Magnússon.

Heimir Ríkharðsson, þjálfari Fram, ekki ánægður með liðið

# Vorum ekki klárir í slaginn

„ÉG vil í upphafi óska KA-mönnum til hamingju með sigurinn. Þeir léku mjög vel á sama tíma og við lékum einstaklega illa,“ sagði Heimir Ríkharðsson, þjálfari Fram, eftir að hafa tekið við sílfurverðlaunapeningnum í leikslok á laugardag.

Munurinn lá að mínu mati í því að sóknarleikur okkar var óyfirvegaður. Fyrir leikinn vorum við búnir að fara mjög vel yfir það, hvernig við ætluðum að leika en þegar á hólminn var komið tókst það ekki. Strax frá fyrstu mínútu tóku leikmenn mínir óyfirveguð og illa ígrunduð skot. Því héldum við áfram nær allan leikinn og þar með færðum við leikmönnum KA boltann á ódýran hátt og var að sjálfsgöðu refsað fyrir.

KA-menn voru klárlega betur undir leikinn búnir en við og það er leiðinlegt að enda keppnina með þessum hætti eftir að hafa átt frábæra leiki í keppninni fram að úrslitaleiknum,“ sagði Heimir.

Ætlaðir þú að halda hraðanum niðri?



Morgunblaðið/Golli

Heimir Ríkharðsson, þjálfari Fram, var ekki ánægður með leik sinna drengja.

„Nei, við ætluðum það ekkert frekar. Það er ekki svo mikill hraði í KA-liðinu ef vörnin nær að stilla

## Vorum staðráðnir í því allir sem einn að vinna

„Það er bara eitthvað við þessa bikarleiki, þegar maður kemur í toppleik þá sýnir maður sínar bestu hliðar,“ sagði Hafþór Einarsson, markvörður KA, sem átti stórleik í marki KA, varði 23 skot, og reyndist Fram-liðinu svo sannarlega einkar óþægur ljár í þúfu.

„Við lékum frábæra vörn og þar af leiðandi var markvarslan góð. Þá var sóknarleikurinn eins og best verður á kosid. Þegar þetta kemur saman þá þarf ekki að spyrja að leikslökum.“ sagði Hafþór sem nú varð bikarmeistari í fyrsta sinn í meistaraflökki eins og svo margir leikmenn KA-liðsins.

„Það var alveg á hreinu að frá fyrstu mínútu voru við staðráðnir í að vinna. Undirbúningur okkar var

góður. Við komum suður í gær [föstudag] og stilltum þá endanlega saman alla okkar strengi, vorum með allt á hreinu fyrir leikinn. Það sýndi sig þegar á hólminn var komið, allir þekktu sín hlutverk, stígandinn var góður og við hreinlega keyrðum yfir Fram-liðið,“ sagði Hafþór sem ekki vildi gera mikið úr því að hann hefði lagst yfir upp-tökur af Fram-liðinu fyrir leikinn, og spáð í hvar og hvernig leikmenn köstuðu á markið. „Þetta var hefðbundnið hjá mér og Hansa fyrir leikinn [Hans Hreinsyni varamarkverði].

Við vorum staðráðnir í því allir sem einn að vinna. Menn komast ekki oft á ferlinum í þennan stærsta leik leiktíðarinnar.“

## Vorum geysilega einbeittir

„ÉG og Valdi [Þorvaldur Þorvaldsson] erum þeir einu sem voru í liðinu síðast þegar KA lék til úrslita í bikarnum gegn Haukum fyrir sjö árum. Enda er það ekkert skrytið að Valdi er kallaður afi innan hópsins og ég langafi,“ sagði Sævar Árnason, hinn þrautreyndi leikmaður KA, sem fagnaði sigri í fyrsta sinn í bikarkeppninni á laugardaginn eftir að hafa lengi spilað með liðinu. Sævar miðlaði af reynslu sinni í síðari hálfleik þegar hann kom til leiks þegar Framarar tóku tvo leikmenn KA úr umferð í sókninni. Þá fór Sævar á kostum, lék félagi sína uppi og skoraði auk þess mikilvæg mörk.

„Þetta var það eina sem ég átti eftir að vinna með KA, en hvort það er merki um að nú geti ég

hætt skal ég ekki um segja. Ég lofaði því reyndar fyrir tveimur árum að ég myndihætta, en stóð ekki við það. Hvað gerist í vor ætla ég ekki að fullyrða neitt um á þessari sigurstund,“ segir Sævar sem var afar ánægður með leikinn í heild.

„Við hefðum getað haft stærra forskot í hálfleik, en þegar kom fram í síðari hálfleik þá lék aldrei vafi á hvort liðið var sterkara. Þótt við séum frægir fyrir að missa niður gott forskot þá féllum við ekki í þá gryfju að þessu sinni heldur héldum haus allt til leiksloka. Við vorum svo vel einbeittir í því markmiði okkar að vinna þennan blessaðan bikar,“ sagði Sævar sem vildi einnig þakka stuðningsmönnum KA kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.

## ÍRÓTTIR FOLK

■ **ADEINS** tveir leikmenn KA voru í liði félagsins sem lék síðast þegar það spilaði úrslitaleik í bikarkeppninni, gegn Haukum 1997. Þetta eru Sævar Árnason og Þorvaldur Þorvaldsson. Þá var Atli Hilmarrson, faðir Arnórs Atlasonar, þjálfari KA. Atli sat á meðal stuðningsmanna KA að þessu sinni og hvatti son sinn og félagi hans til dáða.

■ KA tapaði fyrrgreindum leik við Hauka, en árið áður vann KA Víking og var Þorvaldur einnig í liði KA og var hann því eini leikmaður liðsins sem lék á laugardaginn sem hafði orðið bikarmeistari með liðinu í meistaraflökki.

■ **EGIDIJUS Petkevicius**, markvörður Fram, meiddist á ökkla hægrí fótar á 48. mínútu úrslitaleiksins, en þá var staðan 22:17, fyrir Fram. Petkevicius kom til leiks á ný undir leikslök en var greinilega ekki orðinn góður í ökklanum og fór skömmu síðar af leikvelli á ný, skipti við Sigurjón Þórðarson, varamarkvörð.

■ **PETKEVICIUS** lék á síðustu leiktíð með KA en flutti suður á síðasta sumri. Þegar hann fór meiddur af leikvelli komu margir gamlir félagar hans hjá KA og hvöttu hann til dáða og sýndu af sér íþróttamannslega framkomu.

■ **KA-menn** fengu hlýjar móttökur við komuna til Akureyrar á laugardagskvöld. Þó nokkur fjöldi var mættur á flugvöllinn til að hylla meistarana.